

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### *Borgarhöfn, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2022 deiliskipulag fyrir Borgarhöfn í Suðursveit.

Í deiliskipulaginu er m.a. skilgreint tjaldsvæði, byggingarreitur fyrir smáhýsi og lóðir og byggingarreitur fyrir fristundahús. Áform landeiganda er að efla ferðaþjónustu á svæðinu og bjóða upp á möguleika til gistingar og afleidda þjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

#### *Stafafellsfjöll í Lóni, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 19. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fristundasvæðisins Stafafellsfjalla í Lóni.

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðar nr. 8 í Stafafellsfjöllum. Breytingin tekur til skilmála í greinargerð þar sem viðmiðunarskilmálar um mænisstefnu eru felldir niður og niðurfellingar skilmála um stærð aukahúss. Með breytingunni mun mænisstefna húss ekki fylgja sem mest meginstefnu í landinu og stærð aukahúss verður stærra en helmingur af stærð aðalhúss.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Miðbær Hafnar, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 19. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnar, reit A milli Víkurbrautar og Tjarnarbrúar.

Deiliskipulagsbreytingin nær til Víkurbrautar 9 og fellst m.a. í stækkun lóðar og byggingarreits, viðbygging hækkar úr einni í tvær hæðir, niðurfellingu skilmála um sniðhæðir og þakform, breytingu bílastæða og heimiluð starfsemi verði fyrir almenningsíþróttir, sundlaug og líkamsræktarstöðvar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Hafnarvík – Heppa, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 19. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Hafnarvíkur – Heppu á Höfn.

Deiliskipulagsbreytingin nær til Miklagarðs og Verðanda. Gert er ráð fyrir að byggja við og endurnýja Miklagarð við Krosseyjarveg 5-7, fyrirhugaðar breytingar gera ráð fyrir að heimilt verði að lækka landið framan við kjallara Miklagarðs að lóðarmörkum, að byggja nýtt hús í stað rústanna af Verðanda við Heppuveg 2B, og gera aðkomutorg fyrir Miklagarð og Heppuna á þeim hluta lóðarinnar sem svokallað Graðaloft stóð á.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Hof, Öraefum, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 19. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Hofis í Öraefum.

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóða nr. 3 og 5 við Borgartún þar sem heimilt verður að byggja allt að 385 m<sup>2</sup> radhús. Aðkoma að lóðunum breytist einnig og verður norðanmegin við húsinn við lóðamörk.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hornaþirði, 10. júní 2022.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2022